



## Faghópur II

### Fundargerð 19. fundar

Gunnarsholti 14. október 2009, kl. 13:30

**Mætt:** Anna G. Sverrisdóttir, Anna Dóra Sæþórsdóttir, Friðrik Dagur Arnarsson, Jóhannes Sveinbjörnsson, Rögnvaldur Ólafsson og Sveinn Runólfsson. Ólafur Örn Haraldsson boðaði forföll, matsblað frá honum barst fyrir 11 svæði sem fundurinn vann með.

#### Fundarfrásögn:

1. **Fundargerð** síðasta fundar samþykkt.
2. **Leiðbeiningablöð vegna verðmætamats F/Ú** kynntar voru breytingar frá síðustu útgáfu og voru þær samþykktar.
3. **Verðmætamat Fjallabaks með tilliti til ferðaþjónustu og útivistar.** Gengið til mats á 11 af 12 svæðum sem skilgreind höfðu verið sem Fjallabakssvæðið í vinnu við matið. Fundarmenn höfðu fyrir fundinn metið svæðin hver fyrir sig, viðföng og undirviðföng. Svæðin sem metin voru: Álftavatn, Hekla, Torfajökull, Tindfjöll, Laugavegurinn, Landmannalaugar, Eldgjá, Mælifellssandur, Þórsmörk, Langisjór, Tungnaá, Öldufell (sjá kort v. svæða). Hópurinn kom sér saman um sameiginlegt verðmætamat á þessum svæðum.  
Í ljós kom að bæta þurfti við svæðum, Veiðivötnum og Jökulheimum svo náð sé yfir allt áhrifasvæðið sem vinna þarf með að Fjallabaki. Gengið til mats á þessum svæðum einnig og vann hópurinn það mat saman.  
Við þessa fyrstu heildar yfirferði á mati komu í ljós örfá atriði sem skerpa þarf á í skilgreiningum. Einnig þarf að endurskilgreina svæðið sem kennt er við Mælifellssand, eru það austumörk þess svæðis sem endurskoða þarf.  
Matarhlé tekið kl 20.00 og um leið fékk hópurinn kynningu á starfsemi Landgræðslunnar í Gunnarsholti. Fundi slitið kl. 23.00
4. **Næsti fundur** verður haldinn 15. október kl 8:00 í Gunnarsholti.